

Innviðaráðuneytið	
Ml. 04.13.01	Ábmr. B/6
Innk. 22. APR. 2024	
IRN 24040132	

Innviðaráðuneytið
Sölvhólgata 7
101 Reykjavík

Skorradal, 18. apríl 2024.

Efni: Hæfi/vanhæfi hreppsnefndarmanna í Skorradalshreppi. Ósk um úrskurð um hæfi og jafnframt ógildingu afgreiðslu á samþykkt að hefja óformlegar viðræður um sameiningu.

Vísað er til fyrri erinda sem tengjast þessu máli sem varðar hæfi sveitarstjórnarmanna í Skorradalshreppi til að taka þátt í afgreiðslu mála sem varða mögulega sameiningu Skorradalshrepps og Borgarbyggðar. Erindi þessi ættu að vera vistuð undir málsnúmerinu IRN24010006 hjá Innviðaráðuneytinu.

Á 192. fundi hreppsnefndar Skorradalshrepps, sem haldinn var 21. febrúar sl. á Hvanneyri, var tekið til afgreiðslu mál, undir 4. lið fundargerðarinnar, „Sameiningarmál – málsnúmer 2309008“, sjá hlekk á fundargerðir.

Fyrst var lögð fram bókun frá meirihluta hreppsnefndar Skorradalshrepps um að borist hefði svarbréf bæði frá Innviðaráðuneytinu og Sambandi íslenskra sveitarfélaga um hæfi sveitarstjórnarmanna. Undirritaðir telja að svarbréfin hafi verið almennar leiðbeiningar en ekki staðfesting á hæfi sveitarstjórnarmanna líkt og meirihluti hreppsnefndar bókar. Eins bókar meirihlutinn að hann telji bókun sína, frá hreppsnefndarfundi frá 18. desember s.l., sjá hlekk á fundargerðir, um að hefja óformlegar viðræður og skipun í samninganefnd/verkefnastjórn vegna viðræðna um sameiningu, standa.

Í fyrsta lagi sjá undirritaðir ekki á greindri bókun frá því í desember að það hafi verið samþykkt að hefja slíkar viðræður eða skipa verkefnastjórn, enda bætti meirihlutinn inn í þá framlagða bókun, að kannað yrði með hæfi allra hreppsnefndarmanna. Engin atkvæðagreiðsla eða samþykkt er síðan bókuð sbr. t.d. bókun frá fundi hreppsnefndar í október s.l. undir sama málsnúmeri, sjá hlekk á fundargerðir. Málið hefur því ekki verið afgreitt.

Meirihluti hreppsnefndar virðist telja að málið hafi verið afgreitt. Undirritaðir sjá þess ekki stað í fundargerðum.

Óskað er eftir að ráðuneytið taki til skoðunar hvort málið hafi verið afgreitt þ.e. á fundi sveitarstjórnar 18. desember 2023 eða 21. febrúar 2024.

Í framhaldi afgreiðslu málsins, þann 21. febrúar sl., fór fram kosning um hæfi Guðnýjar Elísdóttur. Eftirfarandi var bókað í fundargerð, sjá hlekk á fundargerðir,:

Oddviti leggur fram eftirfarandi tillögu:

"GE er talin hæf, sbr. 7. mgr. 20 gr. sveitarstjórnarlaga til að greiða atkvæði um að hefja óformlega viðræður um sameiningu við Borgarbyggð og sitja í viðræðustjórn um sameiningu sveitarfélaga."

JEE, GE og KJ samþykkja tillöguna. ÓRÁ og PD greiða atkvæði gegn tillögunni.

Í framhaldinu bókuðu undirritaðir.

ÓRA og PD bóka eftirfarandi:

"Í ljósi samþykktar meirihluta hreppsnefndar um hæfi GE, þá áskilur minnihlutinn sér rétt til að óska eftir því, með kæru til Innviðaráðuneytisins, að ráðuneytið úrskurði um hæfi allra hreppsnefndarmanna í ljósi 2. mgr. 20 gr. sveitarstjórnarlaga 138/2011, um að taka þátt í afgreiðslu á tillögum um að fara í óformlegar sameiningarviðræður við Borgarbyggð. Jafnframt um hæfi allra sveitastjórnarmanna til að sitja í viðræðunefnd um sameiningu, sbr. vísun í sömu lagagrein.

Ástæða efasemda um hæfi GE er að GE er einn af þremur sviðstjórum Borgarbyggðar og skapar það efasemdir um að viljaafstaða hennar mótist eða líti út fyrir að mótast af þeirri stöðu en ekki eingöngu af eigin sannfæringu eða hagsmunum Skorradalshrepps. Skapaðist því umræða um hæfi allra hreppsnefndarmanna og er því rétt að ráðuneytið úrskurði um hæfi okkar allra.

Einnig áskilur minnihlutinn sér rétt til að óska eftir álitum Innviðaráðuneytisins á grundvelli 112 gr. sveitarstjórnarlaga 138/2011 á fyrrnefndri ákvörðun og eins afgreiðslu 2. liðar frá fundi 18. desember s.l. og öllum ferlinum í tengslum við ákvörðunina. Við teljum að báðar bókanir í 2. lið 18. desember hafi ekki verið afgreiddar á þeim fundi."

Óli Rúnar Ástþórsson

Pétur Davíðsson

Komist ráðuneytið að þeirri niðurstöðu að málið hafi verið afgreitt óskum við eftir að ráðuneytið taki sérstaklega til skoðunar hæfi Guðnýjar Elísdóttur, með vísan 2. mgr. 20 gr. Sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, við afgreiðslu málsins. Vísun við þar einkum til rökstuðnings í fyrrgreindri bókun undirritaðra um hæfi Guðnýjar.

Í framhaldi af bókun undirritaðra varðandi hæfi Guðnýjar, þá teljum við undirritaðir þá staðreynd halla mjög á hæfi Guðnýjar í þessu umrædda máli að hún, sem starfsmaður og ein af sviðsstjórum Borgarbyggðar, að hún sé undir húsbóndavaldi sveitarstjórnar Borgarbyggðar og þannig ekki hæf að gæta hagsmuna Skorradalshrepps um þá ákvörðun að hefja óformlegar viðræður um sameiningu sveitarfélaganna. Það má því leiða líkum af því að þessi staða gæti haft þær afleiðingar að hún gæti ekki greitt atkvæði gegn því í sveitarstjórn Skorradalshrepps um að hefja óformlega viðræður við Borgarbyggð, vinnuveitenda sinn. Ef hún segði nei, þá gæti það skapað forsendur fyrir hennar yfirmann eða kjörna fulltrúa í sveitarstjórn Borgarbyggðar að setja hana til hliðar í starfi sínu þar eða látið hana gjalda þess á annan hátt, og þannig gert henni ókleift að sinna sínu starfi hjá Borgarbyggð. Af þeim sökum geta fjárhagslegir hagsmunir hennar verið undir.

Með því að sitja í samninganefnd/verkefnastjórn um mögulega sameiningu sveitarfélaganna teljum við Guðnýju vanhæfa sökum þess sem áður hefur komið fram að hún er sviðsstjóri Borgarbyggðar og þannig sviðsstjóri yfir hluta af málum sem tengjast Skorradalshreppi. Þannig mætti segja að hún sitji báðum megin við borðið. Við mögulega sameiningu gætu því skapast forsendur fyrir að sviðsstjórar hins nýja sveitarfélags myndi fá aukin verkefni og þar með auknar fjárheimildir til ráðstöfunar. Einnig teljum við einnig hafa áhrif á hæfi Guðnýjar í þessum efnum, að starfsmaður

hópsins er einnig sviðsstjóri í Borgarbyggð, og þannig samstarfsmaður Guðnýjar í yfirstjórn Borgarbyggðar.

Jafnframt óskum við eftir því að Innviðaráðuneytið úrskurði um hæfi okkar allra í hreppsnefnd Skorradalshrepps um að taka þátt í afgreiðslu á að hefja óformlegar viðræður við Borgarbyggð um sameiningu sveitarfélaganna m.t.t. eftirfarandi upplýsinga:

Upplýsingar um hreppsnefndarmenn:

Hreppsnefndarmaðurinn Guðný Elíasdóttir er starfsmaður Borgarbyggðar og er sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs. Hún er varaoddviti Skorradalshrepps og sinnir einnig búrekstri á eigin jörð.

Maki GE: Hann er Skipulags- og byggingafulltrúi Hvalfjarðarsveitar í hlutastarfi og tímabundið meðan auglýst eftir nýjum starfsmanni. Er einnig starfsmaður Verkís ehf í hlutastarfi og sinnir búrekstri á eigin jörð.

Hreppsnefndarmaðurinn Jón Eiríkur Einarsson er oddviti Skorradalshrepps er með laun samkvæmt samþykkt hreppsnefndar og er það 50% af þingfararkaupi á mánuði fyrir fullu starfi oddvita. Í dag er það kr. 689.611 á mánuði. Starfar einnig við búrekstur á eigin jörð.

Maki JEE: Starfar sem verkefnastjóri á fjölskyldusviði Borgarbyggðar. Er með verktakasamning við Skorradalshrepp um að uppfæra heimasíðu o.fl. Oddvita var heimilað að segja verktakasamningnum sbr. samþykkt hreppsnefndar þann 18. janúar 2023 s.l. Var það síðan gert þann 21. febrúar s.l. og tók þá gildi uppsagnarfrestur frá 1. mars s.l. Starfar einnig við búrekstur á eigin jörð.

Hreppsnefndarmaðurinn Pétur Davíðsson er starfsmaður síns eigins félags sem er með samning við Skorradalshrepp, gildan frá 1996, um framkvæmd ýmissa verkefna við stjórnarsýslu hreppsins. Pétur hefur starfað fyrir hreppinn í 28 ár en setið í hreppsnefnd í 26 ár. Samningur þessi hefur verið endurnýjaður í tvígang. Nýjasta uppfærsla samnings er frá árinu 2019, hann má sjá í viðhengi og einnig yfirlit fyrir árið 2022 sem er gert árlega fyrir endurskoðanda sveitarfélagsins. Oddvita var heimilað að segja samningnum við félag PD upp, sbr. Samþykkt hreppsnefndar þann 18. janúar 2023. Var það síðan gert þann 21. febrúar s.l., tók þá gildi 6 mánaða uppsagnarfrestur frá 1. mars s.l. Pétur er formaður skipulags- og byggingarnefndar, en nefndarlaun formanns er með 66% álagi. Starfar einnig við búrekstur á eigin jörð.

Maki PD: Starfaði sem kennari við Grunnskóla Borgarfjarðar hjá Borgarbyggð, en hefur verið í veikindaleyfi síðan í mars 2020 og hefur ekki verið á launaskrá Borgarbyggðar síðan snemma árs 2021. Er ekki launþegi í dag.

Hreppsnefndarmaðurinn Óli Rúnar Ástþórsson er starfsmaður hjá þjónustu og viðgerðarverkstæði bifreiða.

Maki ÓRÁ starfar á hjúkrunarheimili við ummönnum sjúklinga og heimilisfólks.

Hreppsnefndarmaðurinn Kristín Jónsdóttir og maki KJ starfa bæði hjá eigin félagi sem meðal annars er með verktakasamninga við Skorradalshrepp. Bæði sinna þau skólaakstri fyrir hreppinn ásamt því að maki E hefur oftast gert árlega verktakasamning um viðhald og framkvæmd á styrkvegi í Skorradal. Samningur fjármagnaður úr styrkvegasjóði Vegagerðarinnar. Samningar gerðir árin 2020, 2021 og 2023. Maki KJ sér einnig um snjómokstur á heimreiðum og sorpplani í Skorradal að beiðni oddvita hverju sinni.

Hreppsnefndarmenn, að undanskildum hreppsnefndarmanninum JEE fá 89.650 kr. í laun á mánuði fyrir að sitja í hreppsnefnd, sem er 6,5% af þingfararkaupi. Vísa í reglur um laun í Skorradalshreppi.

Þá óskum við jafnframt eftir því að ráðuneytið taki til skoðunar lögmæti ákvörðunarinnar, telji ráðuneytið að ákvörðun hafi verið tekin, m.t.t. til niðurstöðu um hæfi einstakra hreppsnefndarmanna sbr. umfjöllun að framan.

Í ljósi þess framangreinds kærum við meinta afgreiðslu hreppsnefndar frá 21. febrúar s.l. að hefja óformlegar viðræður við Borgarbyggð og skipun í samninganefnd/verkefnastjórn vegna hæfis Guðnýjar Elísdóttur og afgreiðslurnar verði gerðar ógildar líti ráðuneytið á annað borð á að slík ákvörðun hafi verið tekin.

Jafnframt óskum við eftir álitni Innviðaráðuneytisins á grundvelli 112 gr. sveitarstjórnarlaga á ákvörðunum sveitarstjórnar sem tengjast þessu málnúmeri 2309008-Sameiningarmál hjá Skorradalshreppi á hreppsnefndarfundum frá 20. september 2023, 18. október 2023, 18. desember 2023 og 21. febrúar 2024.

Hlekkur á fundargerðir Skorradalshrepps <https://skorradalur.is/stjornsysla/fundargerd/>

Undirritaðir áskilja sér rétt til að koma að frekari sjónarmiðum og gögnum gefist tilefni til þess.



Pétur Davíðsson
hreppsnefndarmaður



Óli Rúnar Ástþórsson
hreppsnefndarmaður